

Nd.

### 223. Nefndarálit

um breytingar á skipun læknishjeraða (þingskj. 42, 48, 99 og 123).

Nefnd sú, er kosin var til að athuga þessi mál, hefir fengið fjögur frumvörp til athugunar, þar sem farið er fram á að stofna þessi fjögur læknishjeruð:

Hnappdælahjerað,  
Klofningshjerað,  
Eyjafjallahjerað og  
Hólshjerað í Norður-Ísafjarðarsýslu.

Krafan um stofnun þessara læknishjeraða er ekki nýmæli hjer í þinginu, því að þingið í fyrra hafði öll þessi sömu frv. til meðferðar. Þá var einnig kosin nefnd til þess að ihuga málið, og var það skoðun hennar, að rjett væri að taka kröfurnar til greina, þótt þeim yrði ekki sint öllum í senn. Benti nefndin á, að tiltækilegast væri, að bæta við tveimur nýjum læknishjeruðum á fjárhags-tímabili, og þótti henni næst liggja að taka fyrst upp Norðfjarðarhjerað og Hnappdælahjerað, en rjeð til, að hin væri látin biða. Neðri deild samþykkti síðan stofnun þessara tveggja nýju hjeraða, en efri deild feldi niður Hnappdælahjerað og við það sat.

Nefndin, sem nú var kosin, litur líkt á málin, sem hin fyrri nefnd. Annmarkarnir á því að stofna ný læknishjeruð eru einkum tveir: Aukin gjöld úr landssjóði og hitt, að hjeruðin (sum) verða í fámennasta lagi, svo að hætt er við, að illa gangi að fá lækna til að þjóna þeim.

Það er augljóst, að þingið getur ekki orðið við öllum þeim kröfum, er að þessu sinni fyrir liggja, enda mundi það til lítils koma, þar sem sum hin eldri hjeruð eru enn læknilaus, þar á meðal Norðfjarðarhjerað. Nefndin vill þó ekki synja kröfum þessum með öllu, og kemur þá til álita, hver hjeruðin eigi fyrst að koma til greina. Höfum vjer orðið ásáttir um, að einna mest mundi þörfin vera á stofnun *Hnappdælahjeraðs*, og kemur það heim við skoðun neðri deildar á síðasta þingi, eins og fyrr var getið. Hjer hagar svo til, að mjög langt er á milli lækna á þessu svæði, þar sem lækni situr í Borgarnesi á aðra hönd og á hina í Ólafsvík og Stykkishólmi. Er því mjög löng leið og torsótt úr miklum hluta þessa svæðis, einkum Eyjahreppi, Miklaholtshreppi og Kolbeinsstaðahreppi.

Á þessu væri ráðin nokkur bót, ef lækniinn í Mýrahjeraði sæti vestar í hjeruði sínu, en ekki á enda þess, í Borgarnesi. En því hefir ekki fengist breytt, að læknissetrið væri í Borgarnesi, sakir þess, að þar er kaптún, og þykir að því leyti hagkvæmast, að lækni Mýrahjeraðs sitji þar.

*Klofningshjerað* er vesturhluti Dalasýslu, Fellsströnd, Skarðströnd og Saurbær og ennfremur Rauðseyjar og Rúlfeyjar frá Flateyjarhjeraði. Mannfjöldi í hjeraði þessu mundi verða 6—700 manns. — Af Skarðsströnd og úr Saurbæ er svo löng leið að Búðardal, að nemur dagleið eða meir að sumarlagi og hálfri annari dagleið á vetrum. Þessar sveitir hafa því lítil not lækni i slíkri fjarlægð. Að visu bætti það dálítið úr skák, ef læknissetrið væri flutt t. d. að Ásgarði, en þá yrði aftur Suður-Dalamönnum mun erfiðara að ná til lækni einkum á vetrum, vegna áanna Fáskrúðar og Ljár, meðan þær eru óbrúaðar. En það mundi einnig sæta andróðri og mótspyrnu að slytja læknissetrið úr kaптúninu og verð-

ur líklega ekki gert. Telur nefndin því rjettmætt, að heiðni Dalamanna um þetta nýja hjerað yrði tekin til greina á næsta þingi.

*Eyjafjallahjerað* á að ná frá Þverá að vestan austur að Jökulsá á Sólheimasandi. — Helstu ástæðurnar til þess, að óskað er eftir stofnun þessa hjeraðs, eru torfærurnar, *Jökulsá* fyrir þá, er sækja eiga til Mýrdals, og *Þverá* fyrir hina, er sókn eiga til læknisins á Rangárvöllum. Mannfjöldinn í hjeraði þessu mundi verða um 900, og er hann mestur í Landeyjum.

Nú hagar svo til, að vatnið er að þverra í Þverá og leggjast meira í Markarfljót og Affallið, og eru þessi vötn mjög breytileg, svo sem menn vita, svo að það getur leikið á ýmsu, hvort Landeyingum sje hægra að vitja læknis austur undir Eyjafjöll eða upp á Rangárvelli. Í annan stað er gert ráð fyrir að setja dragferju á Þverá ef vatnsmegin hennar vex, og greiðir það fyrir mönnum að ná til læknis á Rangárvöllum.

Eystri hluti hjeraðsins sækir til læknis í Mýrdal, og þar er Jökulsá hinn mesti farartálmi. En líkur eru til, að hún verði brúuð áður langt um liður, og minkar þá stórum nauðsynin á nýjum lækni. — Þótt þingið vildi stofna hjerað þetta nú þegar, þá er hætt við að bið yrði á því, að læknir fengist þangað, að líkindum ekki minni en á brúnni á Jökulsá, og mundi því þýðingarlítið að taka upp þetta hjerað nú.

Nefndin játar, að margt mæli með því, að læknir sje í *Bolungarvík*, eins og farið er fram á í frumvarpi á þingskjali 123 um stofnun *Hólshjeraðs*. Mál þetta var fyrir Alþingi í fyrra, eins og áður var getið, og kannaðist þingið við nauðsyn á því, að læknir sæti í Bolungarvík. Varð sú niðurstaða, að tekið var upp í fjárlög (12. gr. 1.) svofelt ákvæði: »Aðstoðarlæknirinn í Ísafjarðarhjeraði skal sitja í Bolungarvíkurverslunarstað, að því tilskildu, að honum verði greiddar að minsta kosti 600 kr. á ári annarsstaðar að.«

Þetta ákvæði hefir ekki komist til framkvæmda, sem nefndin hefði þó talið æskilegt, til þess að komast hjá að bæta við nýjum lækni (sem óvist er að fengist næstu árin). Getur nefndin ekki ráðið deildinni til að hverfa frá þessari fyrrgreindu ályktun, er tekin var á síðasta þingi.

Samkvæmt því, sem að framan greinir, mælir nefndin með því, að frv. á þingskj. 42 um stofnun Hnappdæla-læknishjeraðs, verði samþykkt í deildinni, en hin frv., á þingskj. 48, 99 og 123, verði feld í þetta sinn, ef flutningsmenn taka þau eigi aftur.

Neðri deild Alþingis, 10. ágúst 1912.

Halldór Steinsson,  
formaður.

Benedikt Sveinsson,  
skrifari og framsögumaður.

Einar Jónsson  
(með fyrirvara).

Jón Jónsson.

Samdóma um Hnappadalshjerað, en álit minni nauðsyn á hinum — að minsta kosti að sinni.

Jón Ólafsson.